

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 25. maí 2002. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 593/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. apríl 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðar- og miðsvæði á Völlum.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. apríl 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði stækkar til norðurs og opið óbyggt svæði minnkar. Mörk opins svæðis til sérstakra nota (íþróttasvæði Hauka) breytast og svæðið stækkar. Miðsvæði meðfram Reykjanesbraut og lega Ásbrautar breytast lítillega. Ennfremur breytist lega megingöngustíga á skipulagssvæðinu ásamt undirgöngum undir Reykjanesbraut.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Brúarhvammur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. apríl 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin nær til reits sem er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota sunnan við sundlaugina í Laugarskarði og austan Reykjamarkar í Hveragerði. Húsagata sunnan sundlaugasvæðisins færast sunnar og við það stækkar svæði sundlaugarinnar sem er

skilgreint sem svæði fyrir stofnanir. Á svæðinu milli húsagötunnar og Varmár verður gert ráð fyrir einni íbúðarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flúða 1992-2012, miðbæjarkjarni, Hrunamannahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. apríl 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Flúða 1992-2012 frá 25. apríl 1994.

Breytingin felst í að ný vegtenging er við Hrunamannaveg austan félagsheimilis. Eldri tenging vestan félagsheimilisins fellur niður. Hluti stofnana-svæðis austur af félagsheimili verður verslunar- og þjónustusvæði í tengslum við tjaldstæði. Afmörkun á grænu svæði til sérstakra nota, skógræktarsvæði við Skúta er breytt og lega stíga breytist. Nýjar innkeyrslur verða að félagsheimili frá Hrunamannavegi og frá Langholtsvegi að fyrirhuguðum leikskóla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015, Þórisstaðir.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. apríl 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015 frá 17. desember 1996.